annast innheimtu á tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. 104
Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar 11. ágúst
og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti, geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefnd á að annast um og hefur ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu er hreppsnefnd tekur gilda fyrir innstæðum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim er í 6. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar ákveðið um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni.

Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera 6 mánuðir.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 19 frá 1951, um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Helgi Helgason.*

# GJALDSKRÁ

105
26. ágúst

## Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

**Löggildingargjöld.**

1. **Vogarlóð.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þyngd | 1 g til 5 g | kr. | 2.50 |
| — | 10 g til 20 g | — | 3.50 |
| — | 50 g | — | 4.00 |
| — | 100 g til 200 g | — | 5.00 |
| — | ½ kg | — | 6.00 |
| — | 1 kg til 2 kg | — | 8.00 |
| — | 5 kg | — | 10.00 |
| — | 10 kg | — | 15.00 |
| — | 20 kg | — | 20.00 |

105
26. ágúst

2. **Metaskálar.**

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol | 3 kg eða minna | kr. 60.00 |
| — | 5 kg eða minna | — 70.00 |
| — | 10 kg eða minna | — 90.00 |
| — | 20 kg eða minna | — 100.00 |
| — | 30 kg eða minna | — 120.00 |
| — | yfir 30 kg | — 150.00 |

3. **Borðvogir jafnarma.**

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol | 3 kg eða minna | kr. 80.00 |
| — | 5 kg eða minna | — 90.00 |
| — | 10 kg eða minna | — 100.00 |
| — | 20 kg eða minna | — 120.00 |
| — | 30 kg eða minna | — 140.00 |
| — | yfir 30 kg | — 180.00 |

4. **Tugavogir og hundraðsvogir.**

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol | 100 kg eða minna | kr. 100.00 |
| — | 200 kg eða minna | — 120.00 |
| — | 300 kg eða minna | — 140.00 |
| — | 500 kg eða minna | — 160.00 |
| — | 600 kg eða minna | — 180.00 |
| — | 1000 kg eða minna | — 200.00 |
| — | 2000 kg eða minna | — 300.00 |
| — | yfir 2000 kg | — 400.00 |

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) og automatiskum vogum með skerðingum, greiðist fyrir reizlur sama gjald og fyrir desímalavogir, og fyrir automatiskar vogir sama gjald og fyrir jafnarma vogir með sama vogarþoli, og auk þess 15 aura fyrir hvert mark eða skerðingu.

5. **Reizlur án mundangs.**

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol | 3 kg eða minna | kr. 90.00 |
| — | 10 kg eða minna | — 100.00 |
| — | 20 kg eða minna | — 110.00 |
| — | 50 kg eða minna | — 120.00 |
| — | 100 kg eða minna | — 130.00 |
| — | 300 kg eða minna | — 140.00 |

og auk þess kr. 1.50 fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. **Kvarðar.**

Fyrir hvern kvarða, sem löggiltur er, kr. 10.00, auk þess fyrir hverja 10 óskipta sentimetra 70 aurar, en ef sentimetranum er skipt í millimetra, kr. 0.50 fyrir hvern sentimetra.

7. **Mæliker.**

| | | |
|---|---|---|
| Stærð | 1 dl og 2 dl | kr. 8.00 |
| — | ½ lítri | — 10.00 |
| — | 1 og 2 lítrar | — 15.00 |
| — | 5 lítrar | — 20.00 |
| — | 10 lítrar | — 35.00 |
| — | 20 lítrar | — 40.00 |
| — | 50 lítrar | — 65.00 |

8. **Rennslimælar og benzínmælar.**

| | | |
|---|---|---|
| Rennslimælar fyrir olíu og benzín | kr. | 40.00 |
| Benzínmælar | — | 25.00 |

9. **Síldarmæliker.**

| | | |
|---|---|---|
| Stærð 150 lítrar | kr. | 150.00 |
| — 300 lítrar | — | 250.00 |
| — löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 150 lítra | — | 450.00 |
| — löndunartæki með 4 hólfum, hvert fyrir 300 lítra | — | 900.00 |

2. gr.

**Eftirlitsgjöld.**

1. **Vogarlóð.**

| | | |
|---|---|---|
| Þyngd 50 g eða minna | kr. | 3.00 |
| — ½ kg eða minna | — | 5.00 |
| — 5 kg eða minna | — | 8.00 |
| — yfir 5 kg | — | 12.00 |

2. **Vogir.**

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol 5 kg eða minna | kr. | 20.00 |
| — 30 kg eða minna | — | 30.00 |
| — 100 kg eða minna | — | 40.00 |
| — 300 kg eða minna | — | 50.00 |
| — 600 kg eða minna | — | 60.00 |
| — yfir 600 kg | — | 120.00 |

3. **Kvarðar.**

| | | |
|---|---|---|
| Lengd ½ m til 1 m | kr. | 6.00 |

4. **Mæliker.**

| | | |
|---|---|---|
| Stærð ½ lítri eða minna | kr. | 5.00 |
| — yfir ½ lítra | — | 7.00 |
| Síldarmál 50 l til 150 l | — | 70.00 |
| — 300 lítrar | — | 120.00 |
| Löndunartæki 150 til 300 lítra hólf | — | 160.00 |
| Benzínmælar | — | 20.00 |
| Rennslismælar | — | 30.00 |

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakosnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar kr. 23.00 á klukkustund eða brot úr klukkustund, að viðbættri kaupgjaldsvísitölu.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 12 3. febr. 1956, um sama efni.

*Atvinnumálaráðuneytið, 26. ágúst 1958.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*